



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

Heiðursviðurkenning Menningarsjóðs Akureyrar 2021

Heiðursviðurkenningarhafinn fæddist í Strandgötu 25b hér á Akureyri þann 20. febrúar árið 1943.

Hún – já viðurkenningarhafinn er kona - hefur alltaf átt lögheimili á Akureyri þótt hún hafi tímabundið brugðið sér af bæ vegna náms eða vinnu.

Ætli megji ekki segja að fyrsta beina aðkoma viðurkenningarhafans okkar að menningarstarfi hafi verið í gegnum dægurtónlist. Þó ekki með tónlistarflutningi beinlínis – en þó má með sannri halda því fram að hún hafi verið einn af meginbakhjörllum einnar vinsælustu dægurlagahljómsveitar landsins á sínum tíma og var raunar héðan frá Akureyri. Það var sem sagt þannig að á árunum um og eftir 1970 komu út á hljómplötum val á annan tug laga með textum sem hún hafði samið og sum þeirra voru flutt í sjónvarpsþáttum, margsinnis á dansleikjum og allskyns öðrum skemmtunum.

Hver kannast ekki við „Á skíðum skemmti ég mér...” eða Hoppsa bomm eins og það heitir eða Maríu Ísabel og Sumarást? -

Jú það er rétt til getið! Viðurkenningarhafinn okkar og textahöfundurinn er engin annar en Ásta Sigurðardóttir. Og hljómsveitin sem flutti flest lög við texta hennar var Hljómsveit Ingimars Eydal, nema hvað.

Fyrir utan bein framlög sín til menningarsögunnar sem enn leika á vörum syngjandi Íslendinga þá hefur hún á sinni tíð tekið þátt í margvíslegum félagsstörfum. Hún var bæjarpólitík um all langt skeið og var bæjarfulltrúi í tvö kjörtímabil frá árinu 1994-2002. Þar fékk hún tækifæri til að koma að menningarmálum, sat í menningarmálanefnd sem var og hét, í safnráði Listasafnsins á Akureyri og í stjórn Myndlistarkólans á Akureyri. Hún sat í skólanefnd og hafði aðkomu að ýmsum verkefnum sem Akureyrarbær og opinber samtök komu að.

Félög ýmis hafa fengið að njóta hennar krafta. Hún var virk í starfi Starfsmannafélags Akureyrarbæjar, Bandlags starfsmanna ríkis og bæja, Sjúkraliðafélagi Íslands, Sínawík klúbbi Akureyrar og Góðtemplarareglunnar og sat í nokkur ár sem formaður í stjórn Friðbjarnarhúss sem reglan átti.

Ásta er þekkt innan skátahreyfingarinnar, gerðist skáti strax sem barn og tekur enn þátt í starfi skátanna af lífi og sál.

Ásta hafði á árinu 1996 forgöngu um stofnun sjóðs til kaupa á konsertflygli til Akureyrar í samvinnu við Tónlistarfélag Akureyrar. Efnt var til söfnunartónleika í Íþróttahöllinni með aðkomu ótal margra en um 2.000 gestir sóttu tónleikanna sem eru ógleymanlegir þeim sem þar voru.

Söfnunin gekk afburðavel og var nýr stainway flygill vígður snemma í febrúar árið 1997. Hann er oftast kallaður Ingimarsflygillinn og er nú konserthljóðfæri í Hofi.

Það er með mikilli ánægju sem ég tilkynni um að Ásta Sigurðardóttir hlýtur heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs Akureyrar fyrir mikilsvert framlag til menningar- og félagsmála á Akureyri.